


Sveitarfélagið Árborg,  
Helga María Pálsdóttir, bæjarritari,  
Sigurður Sigurjónsson, bæjarlögmaður,  
og  
Bárður Guðmundsson, verkefnastjóri endurskoðunar  
aðalskipulags Árborgar.

### Landamerki Kaldaðarness og Flóagafllstorfunnar

Eigandi Kaldaðarness óskar eftir því að við endurskoðun aðalskipulags Árborgar verði inn á aðalskipulagsuppráttinn dregin rétt mörk milli Kaldaðarness og Flóagafllstorfunnar.

Lofmyndin hér fyrir neðan sýnir með nákvæmum hætti landamerkin milli Kaldaðarness og Flóagafllstorfunnar, bæði í landi og í Ölfusá, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum jarðanna.

Á lofmyndinni má sjá hvernig skurðurinn var á sínum tíma grafinn í boga norður fyrir landamerki jarðanna til að sneiða hjá flóðinu/Kálfhagaopnu sem var þá ófært vélum. Vegna landbrots má gera ráð fyrir því að skurðurinn hafi komið heldur sunnar út í Ölfusá en nú er og vísast um það til meðfylgjandi greinargerðar sem eigandi Kaldaðarness lagði fram við sáttarmeðferð sýslumanns á sínum tíma. Í því landamerkjamáli Jóns Sigurðssonar, sem þá átti hálf Hallskot og hlutdeild í óskipta landi Flóagafllstorfunnar, voru gagnaðilarnir hans í málinu, Sveitarfélagið Árborg (þá sameigandi Jóns) og eigandi Kaldaðarness, sammála um landamerkin og er landamerkjalinan á lofmyndinni hér fyrir neðan dregin í samræmi við þann sameiginlega skilning okkar. Sveitarfélagið er eitt eigandi Hallskots í dag og þar af leiðandi eitt eigandi óskipta landsins sem liggur að mörkum Kaldaðarness. Verði staðfest við mig að þessi sameiginlegi skilningur á mörkunum sé óbreyttur legg ég til að ég semji uppkast af sameiginlegri yfirlýsingu um mörkin til þinglýsingar sem fram kæmu á samskonar lofmynd og má sjá hér fyrir neðan.



ÁRBORG	
Bnr: 09.11	Mótt: 7/3 '22
Abm: HMP.	Mnr: 2203 119


Eftirfarandi eru athugasemdir eigenda Kaldaðarness sem gerðar voru við enduskoðun aðalskipulagsins og varða landamerkin þann 27. október 2021:

”

#### I. Landamerkin milli Kaldaðarness og Flóagafis.

Á aðalskipulagsupprættinum eru landamerki jarðanna ekki dregin með réttum hætti. Á meðfylgjandi upprætti eru þau sýnd rétt og eru þau dregin þar í samræmi við sameiginlegan skilning eiganda Kaldaðarness og Árborg, eiganda Flóagafis, við sáttar meðferð sýslumanns á sínum tíma í ágreiningsmáli Jóns Sigurðssonar, sem þá var eigandi hluta Hallskots. Byggði þessi sameiginlegi skilningur okkar á mörkunum m.a. á því að jarðirnar Flóagafi og Arnarbæli í Ölfusi eiga ekki mörk saman í Ölfusá. Jón Sigurðsson byggði á því að draga ætli mörkin norðar sem stenst ekki því þá fara landamerki Arnarbælis og Flóagafis að liggja saman í ánni. Gömul kort sýna einnig vel stefnu markanna milli Kaldaðarness og Flóagafis, sjá t.d. meðfylgjandi kort frá 1910, og fyrir áratugum síðan var aflað vitnisburða staðkunnugra manna sem staðfesu legu þeirra. Um framangreindan sameiginlegan skilning eigenda jarðanna getur Sigurður Sigurjónsson, bæjarlögmaður vitnað, en hann fór með landamerkjamálið fyrir Árborg. Með þessu væri endi bundinn á þá óvissu sem uppi var í tíð Jóns Sigurðssonar heitins en rétt að geta þess að síðar eignaðist Árborg hlut hans í Hallskoti.

Ég óska eftir að landmerkin verði færð inn á aðalskipulagsupprættinn í samræmi við leiðrétta línu á meðfylgjandi upprætti. . .



Eftirfarandi er greinargerðin sem eigandi Kaldaðarness lagði fram í landamerkjamáli Jóns Sigurðssonar, 22. mars 2010:

**„Greinargerð eiganda Hreiðurborgar og Kaldaðarness vegna sáttameðferðar sýslumannsins á Selfossi í tilefni af landskiptum Flóagafstorfunnar.**

Í aukadómþingsmáli Ámessýslu nr. 56/1983 var tekist á um merki milli Kaldaðarness og Flóagafls en engin ágreiningur er eða hefur verið um landamerki á milli Flóagafls og Hreiðurborgar. Ekki gekk dómur um landamerkin á sínum tína og ekki liggur fyrir hvort ágreiningur sé enn um þau í dag. Jarðinar sem hér eiga hlut að máli eru a.m.k. Kaldaðarnes, Hreiðurborg og land Flóagafls sem er í óskiptu.

**I. Landamerki Kaldaðarness og Arnarbælis.**

Til þess að finna út hvar landamerkin milli Kaldaðarness og Flóagafls liggja í Ölfusá er nauðsynlegt að rekja efni landamerkjabréfs Arnarbælis en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„IV. *Veiðimörk í Ölvesá*

*Gagnvart Hraunshverfi:*

- a. *bein lína í ánni, þar sem yzta odda af „Nauteyrartanga“ ber í þúfu á vestanverðum „Fremra-Meitli“ á Hellsheiði.*
- b. *Gagnvart Kaldaðarnesi: hornmark í síðasnefnudri línu, þar sem Arnarbælisbæ ber í Hvanmsbæ, vestanundir Ingólfsfjalli og ræður þessi stefna uppá mótis við Álptarhólma; síðan ræður mið á, upp á mótis við mynnið á fyrrgreindri Sandá.“*

Af þessu er ljóst og viðurkennt af eiganda Kaldaðarness og ríkinu að landamerki Kaldaðarness og Arnarbælis liggja saman í Ölfusá en ekki landamerki Arnarbælis og Flóagafls. Þar við bætist og tekur af allan vafa um að þetta sé réttur skiningur að eigendur Arnarbælis og Flóagafls skrifa ekki undir landamerkjabréf hvors annars. Þetta er mikilvæg staðreynd málsins og eftir stendur því aðeins að lýsa hvar landamerkin eru á milli Kaldaðarness og Flóagafls. Mikilvæg viðbending um hvemig beri að túlka landamerkjabréf Kaldaðarness og Flóagafls er fölgin í legu landamerkja á milli Arnarbælis og Kaldaðarness en þau mörk hljóta að vera samsíða framangreindum mörkum.

**II. Landamerki milli Kaldaðarness og Flóagafls.**

**I. Landamerkjabréf og vísitása**

- a. Landamerkjabréf Kaldaðarness.

„... en frá Markhólnum ræður bein stefna Vestur í „Kálshagaútgarð“, frá honum aptur sjónhending útyfir „Kálshagaopnu“ þar sem skurðurinn skerst úr henni og allt vestur í miðja Ölvesá; þar sem téð sjónhending fellur yfir eyjuna er nú hlaðin „Markavarda“. Frá ofangreindri Hábeinsstaðaborg ræður að Ölvesá sjónhending í bæinn Gljúfur í Ölvshreppi; síðan ræður Ölvesá allt fram að Flóagafsmörkum. Í Ölvesá liggja nokkrir hólmar og eyjar sem tilheyra Kaldaðarnesi, skv. framanrituðum landamerkjum. ... “

- b. Landamerkjabréf Flóagafls.

„... Úr Markhólnum ræður sjónhending út í „Kálshagaútgarð“ og er þá stefnan frá téðum Markhól í Norðanverðan Meitil. Frá Kálshaga-Útgarði ræður sjónhending yfir „Kálshagaopnu“ þar sem skurðurinn skerst úr henni og ræður sama stefna fram í miðja Ölvesá. Frá greindri stefnu ræður Ölvesá fram að „Vörðu“ sem stendur við ána, þar sem Hallskostsengjar (í Flóagafstorfunnar landi) mæta Einarshafnar-ítakinu (í Öserjarneslandi).“

- c. Vísitása frá 5. september 1778

„ ... þaðan og framanvert í Kálfhaga-útgard, síðan svo sem Ósinn sker vestur í aur.“

Eins og sjá má eru lýsingar landamerkjabréfa jarðanna nánast samhljóða en samkvæmt vísitásiumi var miðað við að stefna óssins úr Kálfhagaopnunni réði stefnunni út í Ölfusá en ekki talað um sjónhendingu eins og í landamerkjabréfunum.

## 2. Mörk Kaldaðarness og Flóagafls samkvæmt skilningi eiganda Kaldaðarness.

Á meðfylgjandi loftmynd sem lögð var fram í framangreindu landamerkjamáli 1983 og er merkt sem málskjal nr. 27 í því máli koma fram kröfulinur Kaldaðarness sem og Arnarbælis. Einnig er meðfylgjandi kort, sem sýnir landamerki jarðanna eins og þau voru mæld á árinu 1910 og styður það kröfulinu Kaldaðarness enda samræmi þar á milli. Í dag er ekki hægt að fara á vettvang og sjá hvernig „Ósinn sker vestur í aur“ eða sjá „þar sem skurðurim skerst úr henni“ enda viðurkennt af öllum aðilum þessa máls að mikið landbrot hefur átt sér stað frá árunum 1778 og 1886 og breytt staðháttum. Í meðfylgjandi greinargerðum eiganda Kaldaðarness og eiganda Arnarbælis í nefndu landamerkjamáli er ítarlega gerð grein fyrir landamerkjum þeim sem hér um ræðir og er látið við það sitja að vísa til þeirra umfjöllunar en til hægðarauka er strikað undir það í meðfylgjandi gögnum sem meginmáli skiptir varðandi landamerki jarðanna.

Meðfylgjandi gögn:

1. Loftmynd
2. Landakort
3. Greinargerð eiganda Kaldaðarness í máli aukadómþings Ámessýslu nr. 56/1983
4. Greinargerð eiganda Arnarbælis í máli aukadómþings Ámessýslu nr. 56/1983
5. Vísitásía 1778
6. Landamerkjabréf Flóagafllstofunnar
7. Landamerkjabréf Kaldaðarnestofunnar
8. Landamerkjabréf Arnarbælistofunnar
9. Landamerkjabréf Hraun

Kaldaðarnesi, 22. mars 2010,

---

F.h. Ingibjargar Eyþórsdóttur vegna Kaldaðarness og minnar hönd vegna Hreiðurborgar, Jörundur Gauksson.“

Vinsamlega staðfestið um móttöku.



Kaldaðarnesi, 28. febrúar 2022,

Jörundur Gauksson, Kaldaðarnes, 801 Selfoss. S. 892-0372 - jorundur@logbyli.is